

Heimanámsstefna Höfðaskóla

Höfðaskóli á Skagaströnd gengur út frá því að nám nemenda fari að mestu fram í skólanum á skólatíma og annarri vinnu sé haldið í lágmarki eftir að skóladegi lýkur. Ætlast er til að nemendur lesi a.m.k. 10 mínútur, fimm daga vikunnar heima og foreldrar/forráðamenn kvitti fyrir. Samvinna heimilis og skóla þegar kemur að lestri nemenda skiptir öllu máli ef góður árangur á að nást. Einstaka sinnum fá nemendur send með sér verkefni heim, þá helst í þeim tilgangi að sýna foreldrum/forráðamönnum þá þekkingu sem þau hafa aflað sér á tilteknu sviði.

Það hefur sýnt að nemendur eru lang flestir í eitthverjum tómsundum eftir að skóladegi lýkur og þar af leiðir að tími til heimanáms er af skörnum skammti. Skóladagurinn hefur lengst hjá nemendum frá því sem áður var og tími fjölskyldunnar saman er minni en áður. Námsefni sem sent er með nemendum heim er því stillt í hóf en markmið þess eru:

Yngsta stig: kynna foreldrum/forráðamönnum það sem nemendur eru að fást við og sinna þjálfun í lestri.

Miðstig: kynna foreldrum/forráðamönnum það sem nemendur eru að fást við, sinna þjálfun í lestri og þjálfa einstaka afmarkaða þætti sem þegar hefur verið fengist við í skólanum.

Elsta stig: kynna foreldrum/forráðamönnum það sem nemendur eru að fást við, sinna þjálfun í lestri. Á þessu stigi bætist þó við að nemendur undirbúi sig fyrir próf og fáist við stærri verkefni, s.s. ritgerðarsmíð, hópverkefni eða heimapróf sem ljúka þarf á tilsettum tíma.